



Reykjavík 1. desember 2015

**Tilkynning til Kauphallar Íslands:**

**Efni: Fí fasteignafélag slhf. kt. 571212-0210 hefur skrifað undir kaupsamning um kaup á hluta af fasteigninni Bankastræti 7 í 101 Reykjavík.**

Í dag var skrifað undir kaupsamning um kaup Fí fasteignafélags slhf. á hluta fasteignarinnar Bankastræti 7. Um er að ræða jarðhæð og kjallara. Seljandi er Bankastræti fasteignafélag ehf. kt. 470208-0740.

Þessi hluti fasteignarinnar Bankastræti 7 er verslunarhúsnæði sem er 811,6 fermetrar að stærð.

Kaupverð er 476,5 m.kr. og verða kaupin fjármögnuð með eigin fé og stækkun á skuldabréfaflokki félagsins, FIF 13 01.

Fjárfestingin fellur vel að fjárfestingarstefnu félagsins m.t.t. staðsetningar og leigutíma.

Leigutaki í Bankastræti 7 er verslun Cintamani og er húsnæðið því 100% útleigt. Leigusamningur er til ársins 2021.

Með kaupnum á Bankastræti 7 aukast leigutekjur félagsins um 40 m.kr. á ári og EBITDA félagsins um 7% á ársgrundvelli.

Gert er ráð fyrir að afhending eignarinnar til Fí verði í byrjun árs 2016.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Fí, Örn V. Kjartansson s. 8259000, [orn@fifasteignir.is](mailto:orn@fifasteignir.is)